

FRÉTTIR ÚR HVOLSSKÓLA

IV. tölublað. XII. árgangur

16. desember 2005

Ábyrgðarmaður: Unnar Þór Böövarsson

Gleðileg jól og farsælt komandi ár



Nemendur og starfsfólk Hvolsskóla óska íbúum Rangárpings eystra gleði og friðar yfir jólahátíðina. Um leið og við þökkum samstarfið á liðnu ári vonumst við jafnframt til að nýtt ár verði ykkur hamingjuríkt.

Vígsla nýbyggingar við Hvolsskóla

Nýbygging við Hvolsskóla var vígð við hátíðlega athöfn þann 9. desember. Fjöldi fólks mætti í sal skólans til að vera viðstaddur hátíðahöldin og samfagna þessum glæsilega áfanga með íbúum Rangárpings eystra. Ræður voru fluttar við þetta tilefni, má þar m.a. nefna að Ágúst Ingi sveitarstjóri rak byggingarsögu hússins og Ólafur Eggertsson oddviti fjallaði um tildrög þess að ráðist var í nýbyggingu og afhenti skólastjóra lykla að nýbyggingunni. Að lokum blessaði séra Skírnir Garðarsson húsið.

Skólanum bárust margar gjafir í tilefni tímamótanna. Gjafirnar komu m.a. frá JÁ-verktökum, Tæknivali, Pennanum, SS, Landsbankanum á Hvolsvelli, Austurleið-Kynnisferðum, Skólastjórafélagi Suðurlands, Rangárvallasýsludeild Rauða Kross Íslands o.fl.

Boðið var upp á ýmsa listviðburði þar sem kór skólans söng og sett var upp sýning á verkefnum nemenda í myndmennt. Að lokum var öllum boðið upp á veitingar auk þess sem skólinn var opin almenningi fram á kvöld.

Fyrr um daginn voru samkomur fyrir nemendur skólans þar sem skólastjóri afhenti nemendum skólann. Nemendur hvers skólastigs fyrir sig mættu á sal og tóku við byggingunni til varðveislu og notkunar. Í lok hveftrar samkomu var svo veisla fyrir nemendur þar sem boðið var upp á skúffuköku og mjólk.

Árshátíð 1. - 3. bekkjar

1. - 3. bekkur hélt árshátíð sína 1. desember síðastliðinn. Nemendur sýndu söngleikinn um Litlu Ljót við undirleik Ingibjargar Erlingsdóttur, auk þess aðstoðaði yngri kór skólans við söng í nokkrum atriðum en í honum eru jafnframt nemendur úr 4. bekk. Það voru umsjónarkennarar og stuðningsfulltrúar á yngsta stigi sem báru hitann og þungan af undirbúningi sýningarinnar ásamt Margréti Tryggvadóttur.

Greinilegt var að nemendur höfðu lagt mikið á sig til að gera sýninguna sem glæsilegasta og var það mál manna að vel hefði til tekist. Til hamingju krakkar með frábæra sýningu.

Vígsla sparkvallar

Föstudaginn 2. desember var vígður nýr sparkvöllur á Hvolsvelli. Við sama tækifæri afhentu Rangárþing eystra og Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) Hvolsskóla og Knattspyrnufélagi Rangæinga (KFR) völlinn til afnota.

Nýi sparkvöllurinn sem er á lóð Hvolsskóla við Stóragerði er byggður sem liður í sparkvallaátaki KSÍ sem er í fullum gangi víðs vegar um landið. Vellirnir eru samvinnuverkefni sveitarfélaga á hverjum stað og KSÍ með stuðningi frá Knattspyrnusambandi Evrópu (UEFA). Sveitarfélögin sjá um byggingu vallanna en KSÍ leggur til gervigrasið. Auk þess styðja fjögur fyrirtæki myndarlega við bakið á verkefninu: KB banki, Eimskip, Olís og VÍS.

Ljóst er að sparkvöllurinn kemur mörgum til góða og víða hafa þessi vellir verið lyftistöng fyrir knattspyrnuiðkun í landinu.

Jólafondur

Foreldra- og kennarafélag Hvolsskóla stóð fyrir árlegu jólaföndri í skólanum 26. nóvember. Að venju var skorið út og steikt lafabrauð, fönndrað úr pappír og málað á gifs- eða trémuni svo eitthvað sé nefnt. Fjöldi fólks mætti og nutu allir stundarinnar saman jafnt ungir sem aldnir.

Myndabanki á heimasíðu skólans

Hægt er að skoða myndir frá öllum atburðum er verða í skólanum auk þess að sjá allar nýjustu fréttir úr Hvolsskóla á heimasíðu skólans <http://hvolsskoli.ismennt.is>

Jólaball Tvistsins og Hvolsskóla

Jólaball félagsmiðstöðvarinnar Tvistsins og Hvolsskóla var haldið með pomp og prakt föstudaginn 9. desember síðastliðinn. Þar var ætlunin að halda undankeppni fyrir söngvarakeppni grunnskólanna í Rangárþingi sem og fyrir Samfés. Vegna veikinda keppenda varð þó að fresta keppninni fram yfir áramót.

Skemmtunin fór í alla staði mjög vel fram og voru nemendur sjálfum sér til mikils sóma. Það er sérlega ánægjulegt hversu vel unglingarnir skemmta sér án utanaðkomandi vímugjafa. Eins og Magnús Kjartansson söng „þú veist að gleðin er besta víman, hleyptu gleði inn í huga þinn“. Þetta er staðreynd sem við megur öll vera virkilega stolt af, þrátt fyrir að við megur að sjálfsgöðu aldrei sofna á verðinum í uppeldinu. Höldum áfram að þykja vænt hverju um annað og veitum börnunum okkar þá athygli og umhyggju sem þau þarfnast. Þannig byggjum við upp heilbrigða einstaklinga sem í sameiningu mynda samfélag sem við erum öll stolt af.

Starfsdagur 14. nóvember

Á starfsdeginum okkar þann 14. nóvember fór starfsfólk Hvolsskóla í heimsóknir í Ingunnarskóla í Reykjavík og Salaskóla í Kópavogi til að kynna sér starf þar. Báðir skólarnir kenna út frá hugmyndum um einstaklingsmiðað nám líkt og gert er í Hvolsskóla. Fróðlegt var að skoða starfsemina og fengum við margar nýjar hugmyndir til að vinna úr.

Vert er að benda á að heimasíður skólanna geyma mikið af áhugaverðum upplýsingum. Fyrir áhugasama eru slóðirnar www.ingunnarskoli.is og www.salaskoli.kopavogur.is auk þess er hægt að skoða myndir úr ferðinni í myndabankanum á heimasíðu Hvolsskóla.

Upplestur á Njálu

Mjög vel tókst til þegar 10. bekkur las Brennu-Njálssögu á Degi íslenskrar tungu. Lesturinn hófst klukkan 6:30 og var lesið í sal skólans með hléum til klukkan níu um kvöldið. Mikill gestagangur var allan daginn og voru bæði nemendur, foreldrar, aðstandendur og aðrir áhugasamir þar á meðal.

Að lestrinum loknum voru nemendur flestir mjög þreyttir enda búnir að vera að í næstum 15 klukkutíma. Heyra mátti fréttir af uppákomunni í útvarpi og nokkrir fréttamenn komu á staðinn til að forvitnast um framtakið. Fjölda mynda frá uppákomunni og undirbúningi hennar má finna í myndabankanum.

Fundur foreldra- og kennarafélagsins

Foreldra- og kennarafélag Hvolsskóla stóð fyrir fundi um starfið í skólanum þann 22. nóvember. Á fundinum flutti Unnar Þór skólastjóri „stutta“ tölu um nýja skólann og breytingar í starfsháttum og Anna Kristín Sigurðardóttir skrifstofustjóri grunnskóla-skrifstofu Reykjavíkurborgar fjallaði um einstaklingsmiðað nám.

Eftir voru mjög gagnlegar umræður um starf skólans þar sem skólastjórnendur og umsjónarkennarar ásamt Önnu Kristínu sátu fyrir svörum. Það var mjög gaman að sjá hversu margir foreldrar sáu sér fært að mæta og sýndu þannig að starfið í skólanum skiptir okkur öll máli. Það er alveg á hreinu að gott samstarf heimila og skóla skilar sér í bættu skólastarfi. Bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Jólafrí og upphaf skóla á nýju ári

Við viljum minna á að mánudaginn 19. desember eru nemendur almennt ekki í skóla heldur eru haldin sjúkrapróf jafnframt því sem kennarar vinna að frágangi einkunna. Haft verður samband við þá nemendur sem þurfa að fara í sjúkrapróf.

Þriðjudaginn 20. desember mæta nemendur í skólann kl 8:30 þar sem verður hefðbundin jólastund með viðkomandi umsjónarkennara. Því næst ætla 1. - 7. bekkur að dansa og syngja kringum jólatré og hver veit nema nokkrir jólasveinar líti við hjá okkur. Nemendur í 8. - 10. bekk glíma hins vegar við snúnar spurningar í Gettu betur keppni skólans og spurning hvort árgangur fæddur 1990 heldur titlinum.

Deginum lýkur svo með einkunnaskilum í öllum bekkjum og ættu nemendur að verða komnir í jólafrí um klukkan 11:30. Að sjálfsögðu eru allir velkomnir til okkar í skólann til að taka þátt í jólagleðinni.

Nemendur mæta að loknu jólafríi fimmtudaginn 5. janúar 2006 kl 8:10 en þá hefst kennsla samkvæmt stundatöflu.

Minnum á heimasíðu skólans

<http://hvolsskoli.ismennt.is>

NÚ ER TÍMI ENDURSKINSMERKJANNA.

*MINNUM BÖRN OG FORELDRA Á AÐ NOTA
ENDURSKINSMERKI Í SKAMMDEGINU. ☺*